



---

# Ársskýrsla Jafnréttisstofu 2010

---

Jafnréttisstofa – Borgum v/ Norðurlóð - 600 Akureyri  
Sími: 460 6200 – Bréfsími: 460 6201 – Netfang: [jafnretti@jafnretti.is](mailto:jafnretti@jafnretti.is) –  
[www.jafnretti.is](http://www.jafnretti.is)

---

## EFNISYFIRLIT

FORMÁLI.....	4
HLUTVERK OG SKIPULAG.....	7
STARFIÐ 2010 .....	8
RÁÐGJÖF OG UPPLÝSINGAR .....	8
JAFNRÉTTISÁÆTLANIR .....	8
SKÝRSLUR OG UMSAGNIR .....	9
ÞINGSÁLYKTUN UM FRAMKVÆMDAÁÆTLUN Í JAFNRÉTTISMÁLUM.....	9
UMSAGNIR.....	9
SKÝRSLUR FYRIR ALÞJÓÐASTOFNANIR .....	10
NEFNDIR OG VINNUHÓPAR.....	10
AÐGERÐAÁÆTLUN VEGNA OFBELDIS Á HEIMILUM OG KYNFERÐISLEGS OFBELDIS.....	10
NEFND UM NÝJA AÐGERÐARÁÆTLUN STJÓRNVALDA GEGN KYNBUNDNU OFBELDI ÁRIN 2011-2015.....	11
JAFNRÉTTISFULLTRÚAR RÁÐUNEYTA .....	11
KYNJUÐ HAGSTJÓRN .....	11
MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS.....	11
RÁÐGJAFANEFND UM STYRKI TIL ATVINNUMÁLA KVENNA.....	11
VELFERÐARVAKTIN .....	11
JAFNLAUNAVOTTUN.....	12
MÁLÞING OG OPNIR FUNDIR .....	12
AFMÆLISRÁÐSTEFNA JAFNRÉTTISSTOFU.....	12
JAFNRÉTTISTORG.....	12
KYN OG LOFTSLAGSMÁL.....	12
KYNBUNDIN VALDAKERFI Í ÍSLENSKUM STJÓRNMÁLUM OG EFNAHAGSLIFI .....	13
FRELSI TIL FJÖLSKYLDULÍFS! SAMRÆMING FJÖLSKYLDU- OG ATVINNULÍFS.....	13
OPIÐ HÚS.....	13
UPPLESTUR JAFNRÉTTISLAGA .....	13
LANDSFUNDUR JAFNRÉTTISNEFNDA SVEITARFÉLAGA.....	13
KVENNASÖGUGANGA .....	14
ÞÖGUL ÞJÁNING, RÁÐSTEFNA UM KYNBUNDIÐ OFBELDI.....	14
16 DAGA ÁTAK GEGN KYNBUNDNU OFBELDI .....	14
FRAMLAG TIL FRÍÐAR OG KYNJAJAFNRÉTTIS .....	14
FRÆÐSLUFUNDIR OG ERINDI.....	15
NÁMSKEIÐ .....	16
STAÐA JAFNRÉTTISMÁLA OG JAFNRÉTTISLÖGGÖFIN .....	16
NÁMSKEIÐ UM GERÐ JAFNRÉTTISÁÆTLANA .....	16
NÁMSKEIÐ UM KYNJASAMPÆTTINGU .....	16
JAFNRÉTTISFRÆÐSLA FYRIR KENNARA OG STARFSFÓLK SKÓLA .....	16
VERKEFNI .....	16
SÖFNUN TÖLULEGRA UPPLÝSINGA .....	16
KARLAR TIL ÁBYRGÐAR.....	17
SAMSTÍGA - SIDE BY SIDE .....	17
RÉTTUR ÞINN – MIKILVÆGAR UPPLÝSINGAR FYRIR ERLENDAR KONUR Á ÍSLANDI .....	17

SAMSTARF UM FRÆÐSLU GEGN KYNBUNDU OFBELDI .....	17
JAFNRÉTTI Í LEIK- OG GRUNNSKÓLA .....	17
STARFSHÓPUR UM AUKINN HLUT KVENNA Í SVEITARSTJÓRNUM .....	18
SAMSTARF VEGNA KVENNAFRÍDAGSINS 2010.....	18
KOSNINGAR TIL STJÓRNLAGAÞINGS.....	18
EVROÞUSÁTTMÁLI UM JAFNA STÖÐU KVENNA OG KARLA Í SVEITARFÉLÖGUM .....	18
ÚTGÁFA OG VEFSÍÐA.....	18
HEIMASÍÐA JAFNRÉTTISSTOFU.....	18
GREINAR Á HEIMASÍÐU JAFNRÉTTISSTOFU.....	19
JAFNRÉTTA – 10 ÁRA AFMÆLISRIT JAFNRÉTTISSTOFU.....	19
DAGATAL .....	19
KONUR OG KARLAR Á ÍSLANDI 2010 .....	20
DRÖGUM TJÖLDIN FRÁ .....	20
EFLUM LÝÐRÆÐI – KONUR Í SVEITASTJÓRN .....	20
LÖG UM JAFNA STÖÐU OG JAFNAN RÉTT KVENNA OG KLARA.....	20
TÖLULEGAR UPPLÝSINGAR UM SVEITASTJÓRNARKOSNINGARNAR .....	20
NORRÆNT SAMSTARF .....	21
NIKK – NORRÆNA RANNSÓKNASTOFNUNIN Í KVENNA- OG KYNJAFRÆÐUM .....	21
SAMSTARF INNAN EVROÞU OG Á ALÞJÓÐAVETTvangi .....	21

## FORMÁLI

Árið 2010 var afar viðburðaríkt á sviði jafnréttismála. Það stafaði ekki síst af því hve mörg samtök og viðburðir áttu stórafmæli á árinu. Árið hófst á því að kynnt var glæsileg útgáfa á *Sáttmála Sameinuðu Þjóðanna um afnám alls misréttis gegn konum*. Útgefendur voru Mannréttindaskrifstofa Íslands, Jafnréttisstofa o.fl. Samkvæmt sáttmálanum eru íslensk stjórnvöld skuldbundin til að vinna að jafnrétti kynjanna á öllum sviðum og hafa til þess tilgreindar stofnanir og tæki svo sem lög og aðgerðaáætlanir.

Strax í upphafi ársins hófst vinna við að auka hlut kvenna í sveitarstjórnnum í samræmi við tillögur nefndar sem skipuð var af Kristjáni Möller samgöngu- og sveitastjórnaráðherra. Gefinn var út sérstakur bæklingur þar sem reyndar konur úr öllum flokkum hvöttu aðrar konur til að gefa kost á sér til setu í sveitarstjórnnum en hlutur þeirra fyrir kosningarnar var 36%. Jafnréttisstofa stóð fyrir auglýsingaherferð í ríkissjónvarpinu og gerðir voru sex útvarpsþættir þar sem fjallað var um sveitastjórnarmálin frá ýmsum sjónarhornum. Bréf voru skrifuð til forystu stjórnmalaflokkanna og sérstakir fundir haldnir með henni, auk funda með ungliðum flokkanna og félagsamtökum. Um miðjan janúar var haldið málþing í Háskóla Íslands um kyn og völd í samstarfi Jafnréttisstofu og Rannsóknastofu í kvenna- og kynjafræðum við HÍ. Hvort sem það var nú allri þessari hvatningu að þakka, aðgerðum stjórnmalaflokkanna og kjósenda eða ástandinu í þjóðfélaginu þá varð hlutur kvenna 40% að loknum kosningunum í maí.

Fyrsta stórafmæli ársins var 1. febrúar en þá hélt Kvenfélagasamband Íslands upp á 80 ára afmæli sitt. Daginn eftir var haldið málþing í Háskóla Íslands um kyn og loftslagsbreytingar en það málefni var mjög til umræðu á loftslagsráðstefnu SP í Kaupmannahöfn í desember 2009. Mismunandi hegðun kynjanna og þar með möguleikar þeirra til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda vekur sífellt meiri athygli. Næst var þess minnst að 100 ár voru liðin frá því að ákveðið var að gera 8. mars að alþjóðlegum baráttudegi kvenna og voru haldnar nokkrar samkomur þann dag.

Á árinu voru liðin 15 ár frá fjórðu kvennaráðstefnu SP sem haldin var í Peking árið 1995. Þar voru gerðar merkar samþykktir sem fylgt hefur verið fast eftir síðan. Árlegur fundur kvennanefndar SP sem haldin var um mánaðarmótin febrúar/mars var helgaður afmælinu og var horft yfir farinn veg og fram á við frá ýmsum sjónarhornum. Norrænu þjóðirnar stóðu fyrir nokkrum viðburðum og voru allir norrænu jafnréttisráðherrarnir mættir nema sá danski, þrír karlar og ein kona. Árni Páll Árnason félags- og tryggingamálaráðherra flutti ræðu Íslands og tók þátt í norrænum viðburðum. Á einum fundanna þar sem fullt var út úr dyrum gátu íslensku fulltrúarnir greint frá því að búið væri að samþykkja kvóta í stjórnnum hlutafélaga og einkahlutafélaga og vakti það mikinn fögnuð viðstaddra. Löggin fela í sér að ekki megi vera minna en 40% af hvoru kyni en þau ganga ekki í gildi fyrr en 2013.

Frú Vigdís Finnbogadóttir fyrrverandi forseti Íslands varð 80 ára 15. apríl og var þess minnst með margvíslegum hætti. Síðla hausts var sýnd heimildamynd í ríkissjónvarpinu um framboð hennar til forseta árið 1980 en á árinu voru einmitt liðin 30 ár frá þeim tímamótaviðburði.

Samkvæmt aðgerðaáætlun ríkisstjórnarinnar gegn kynbundnu ofbeldi ber að halda árlegan fræðsludag fyrir almenning og sérstaka faghópa. Það hafði þó ekki komist í framkvæmd fyrr en á þessu ári þegar Jafnréttisstofu var falið að sjá um slíkan dag. Ákveðið var að beina sjónum sérstaklega að félagsmálastjórnnum sveitarfélaganna en félagsþjónustan kemur með margvíslegum hætti að

ofbeldismálum þar sem bæði börn og fullorðnir eiga í hlut. Jafnframt var haldin ráðstefnan *Þögn þjáning* í samstarfi við Háskólann Akureyri 16. apríl. Þar voru flutt fjöldamörg erindi og sérstakur hádegisfundur fyrir starfsfólk félagsþjónustunnar. Skjáauglýsingar birtust í ríkissjónvarpinu sem vöktu mikla athygli og stundum hörð viðbrögð. Til stóð að sérfræðingar skrifuðu fjölda greina í blöð en Eyjafjallajökull lét svo ófriðlega að hann fékk nánast alla athygli fjölmiðla.

Heimsmeistarakeppnin í fótbolta hófst í Suður Afríku í júní og ekki var langt á hana liðið er Jafnréttisstofu tóku að berast kvartanir vegna þess mikla karlaríkis sem ríkti í umfjöllun ríkissjónvarpsins um keppnina. Spurt var hvort konur hefðu ekki vit á fótbolta eða hvort þessi heimsmeistarakeppni væri einkamál karla? Jafnréttisstofa skrifaði bréf til RÚV sem ákvað að halda sínu striki.

Árið 2009 voru samþykkt lög sem banna kaup á vændi og var Ísland þriðja ríkið sem leiddi slíkt í lög. Í sumar féllu fyrstu dómarnir vegna vændisкупа og voru viðkomandi karlmenn dæmdir í 80 þús. kr. sekt og nöfnum þeirra haldið leyndum. Hvort tveggja hefur vakið spurningar um það hvort lögin hafi tilætluð áhrif þegar sektirnar eru svona lágar og nöfnum brotamanna haldið leyndum

Í september voru 10 ár liðin frá stofnun Jafnréttisstofu sem staðsett er á Akureyri. Haldið var upp á afmælið með mjög fjölsóttri og hressilegri ráðstefnu þar sem horft var til baka og fram á veginn. Jafnframt var haldinn vel sóttur landsfundur jafnréttisnefnda sveitarfélaga þar sem fjöldi nýkjörinna fulltrúa kyntu sér stöðu jafnréttismála og skyldur sveitarfélaganna í þeim efnum.

Mikið stóð til síðari hluta októbermánaðar þegar 35 ár voru liðin frá kvennafrídeginum mikla 1975. Fyrst bárust þau tíðindi að Ísland væri annað árið í röð í efsta sæti lista *World Economic Forum* hvað varðar jafnrétti kynjanna í heiminum. Fjöldamörg kvennasamtök mynduðu heildarsamtökin *Skotturnar* sem stóðu fyrir mikilli baráttudagskrá í Reykjavík 24. og 25. október. Aðrir aðilar ákváðu að nýta sér athyglina sem kvennafrídagurinn fengi og skipulögðu ráðstefnur af ýmsu tagi dagana á undan og eftir. Ráðstefnuhaldið hófst 22. október með norrænni ráðstefnu um nauðganir. Þar tilkynnti Ögmundur Jónasson dóms- og mannréttindamálaráðherra að hann myndi boða til sérstaks vinnufundar fagaðila og félagasamtaka um stöðu nauðgunarmála á Íslandi. Var sá fundur haldinn 12. nóvember og var mjög vel sóttur. Á degi Sp 24. október sem bar upp á sunnudag var haldin alþjóðleg rástefna um kynbundið ofbeldi með þátttöku fjölda erlendra gesta.

Á mánudeginum rann svo kvennafrídagurinn upp þegar konur um land allt voru hvattar til að leggja niður störf til að minna á mikilvægi vinnuframlags kvenna, efla samstöðuna og beina sjónum að hrikalegum afleiðingum kynbundins ofbeldis. Daginn eftir hófst tveggja daga ráðstefna á vegum Lagadeildar HÍ um minnihlutatilskipanir Evrópusambandsins, málefni sem væntanlega kemst fljótlega á dagskrá hér á landi. Á fimmtudegi og föstudegi var svo haldin norræn ráðstefna skipulögð af mennta- og menningarmálaráðuneytinu um ungt fólk á Norðurlöndunum þar sem aðalefnið var niðurstöður stórrar könnunar á viðhorfum ungs fólks. Þar er margt sem vinna þarf úr, t.d. fordómum stráka á aldrinum 16-19 ára gagnvart forystu kvenna á ýmsum sviðum, hugmyndum þeirra um hlutverk kvenna og karla og síðast en ekki síst gríðarleg klámneysla íslenskra stráka..

Dagana 25. nóvember til 10. desember var haldið árlegt alþjóðlegt 16 daga átak gegn ofbeldi. Að þessu sinni var átakið helgað stöðu kvenna á átakasvæðum. Reyndar tóku utanríkisráðuneytið, UNIFEM á Íslandi og Jafnréttisstofa forskot á sæluna með því að efna til ráðstefnu á Akureyri 19. nóvember í tilefni af 10 ára afmæli samstarfs ráðuneytisins og UNIFEM í friðargæslu víða um heim í

þágu kvenna. Jafnréttisstofa stóð fyrir kvikmyndasýningu í tilefni af 16 daga áttakinu og farin var ljósaganga á Akureyri á mannréttindadegi SP 10. desember til að sýna samstöðu með baráttunni gegn kynbundnu ofbeldi.

Jafnréttisstofa sinnti ýmsum verkefnum á árinu. Verkefninu *Jafnrétti í skólastarfi* lauk formlega snemma árs en var fylgt eftir með fjölda námskeiða fyrir kennara víða um land. Allt árið var í gangi vinna við bók fræðimanna um foreldraorlof á Norðurlöndum. Unnið var að nýrri framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar í jafnréttismálum fyrir næstu fjögur ár. Þá er ný aðgerðaáætlun gegn kynbundnu ofbeldi í smíðum en núgildandi áætlun rennur út á næsta ári. Jafnréttisstofa heldur utan um verkefnið *Karlar til ábyrgðar* en það felst í því að bjóða körlum upp á meðferð sem vilja hætta að beita konur ofbeldi. Fjöldi karla hefur nýtt sér þessa þjónustu. Á árinu reyndi verulega á gildandi aðgerðaáætlun gegn mansali er upp komu erfið mál sem dæmt var í á árinu og tengjast m.a. fyrrnefndum dómum fyrir kaup á vændi. Í lok nóvember var kosið til stjórnlagabings. Nokkrar áhyggjur voru af því að konur voru aðeins þriðjungur frambjóðenda og var því lagt að Jafnréttisstofu að hvetja kjósendur til að styðja bæði konur og karla. Brugðist var við með auglýsingaherferð í sjónvarpi. Reyndin varð sú að konur urðu um 30% og þurfti ekki að grípa til jöfnunarsæta.

Á árinu hefur verið unnið að innleiðingu kynjaðrar hagstjórnar í ríkiskerfinu, aðferð sem beitt hefur verið í fjölda ríkja um árabil. Kynjuð hagstjórn gengur einfaldlega út á að skoða í hvað peningarnir fara, hvaða áhrif ákvarðanir hafa á kynin hvort um sig, hver fær hvað, hvar, hvenær og hvernig.

Margt fleira mætti nefna frá starfi ársins svo sem aðstoð við einstaklinga, ráðgjöf af ýmsu tagi við stofnanir og fyrirtæki, umsagnir um lagafrumvörp, námskeiðshald, útgáfu fræðsluefnis, fundi og ráðstefnur sem starfsfólk sækir, að ekki sé minnst á alþjóðlegt samstarf, t.d. í Evrópuráðinu, Evrópusambandinu og Norrænu ráðherranefndinni. Að lokum er rétt og skylt að þakka starfsfólki Jafnréttisstofu vel unnin störf á árinu 2010.

Kristín Ástgeirsdóttir.

## HLUTVERK OG SKIPULAG

Jafnréttisstofa annast stjórnslu á sviði jafnréttismála á Íslandi í samræmi við lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008. Jafnréttisstofa heyrir undir yfirstjórn félags- og tryggingamálaráðherra, nú velferðarráðherra og tók formlega til starfa 15. september árið 2000.

Starfsfólk Jafnréttisstofu árið 2010 var: Kristín Ástgeirsdóttir framkvæmdastýra, Anna Hallgrímsdóttir, Bergljót Þrastardóttir, Hugu R. Hjaltadóttir, Ingibjörg Elíasdóttir, Tryggvi Hallgrímsson og Arnfríður Aðalsteinsdóttir en hún lét af störfum síðast liðið sumar. Hjálmar Sigmarsson kom aftur úr leyfi um haustið en hann var í leyfi til þess að sinna starfi á vegum UNIFEM í Bosníu og Hersegóvínu.

Sigríður Svana Helgadóttir lögfræðingur vann að sérstöku verkefni hjá Jafnréttisstofu um fjögurra mánaða skeið en það fólst í því að yfirfara jafnréttisáætlanir sveitarfélaga.

Jafnréttisstofa styrkir stöðu lektors við Háskóla Íslands á sviði karlafræði, fæðingarorlofs og jafnréttismála. Stöðunni gegnir Ingólfur V. Gíslason sem áður starfaði hjá Jafnréttisstofu. Samningurinn um stöðuna er til fimm ára og tók hann gildi 31. desember 2007.

Í samræmi við 4. grein laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla hefur Jafnréttisstofa meðal annars þau verkefni með höndum að:

- hafa eftirlit með framkvæmd laganna
- sjá um fræðslu og upplýsingastarfsemi
- veita stjórnvöldum, stofnunum, fyrirtækjum, félögum og einstaklingum ráðgjöf í tengslum við jafnrétti kynjanna
- koma á framfæri við ráðherra, Jafnréttisráð og önnur stjórnvöld ábendingum og tillögum um aðgerðir til að ná fram jafnrétti kynjanna
- koma með tillögum að sértækum aðgerðum
- auka virkni í jafnréttismálum, m.a. með aukinni aðild karla að jafnréttisstarfi,
- fylgjast með þróun jafnréttismála í þjóðfélaginu, m.a. með upplýsingaöflun og rannsóknum,
- veita jafnréttisnefndum, jafnréttisráðgjöfum og jafnréttisfulltrúum sveitarfélaga, stofnana og fyrirtækja aðstoð
- vinna að forvörnum gegn kynbundnu ofbeldi í samstarfi við önnur stjórnvöld og samtök sem sinna slíkum forvörnum sérstaklega
- vinna gegn launamisrétti og annarri mismunun á grundvelli kyns á vinnumarkaði
- leita sátta í ágreiningsmálum sem Jafnréttisstofu berast og varða ákvæði laganna
- breyta hefðbundnum kynjaímyndum og vinna gegn neikvæðum staðalímyndum um hlutverk kvenna og karla
- vinna önnur verkefni í samræmi við markmið laganna samkvæmt nánari ákvörðun ráðherra

Sérstaklega er tekið fram í lögunum að opinberum stofnunum, atvinnurekendum og félagasamtökum sé skylt að veita Jafnréttisstofu hvers konar almennar upplýsingar sem nauðsynlegar eru starfsemi hennar.

## STARFIÐ 2010

### RÁÐGJÖF OG UPPLÝSINGAR

Einstaklingar, félag, fyrirtæki, stofnanir og stjórnvöld geta leitað til Jafnréttisstofu eftir ráðgjöf og aðstoð varðandi málefni sem varða jafnrétti kynjanna. Töluvert er um það að hringt sé til Jafnréttisstofu eða tölvuskeyti send þar sem spurt er um ýmislegt varðandi jafnréttismál. Sum mál eru lagalegs eðlis en önnur snúa að hagnýtri framkvæmd jafnréttisstarfs.

Jafnréttisstofa veitir lagalega ráðgjöf til einstaklinga og lögaðila sem þangað leita. Jafnréttisstofa leitast við að leysa málin með ráðgjöf varðandi réttarstöðu og/eða með því að benda á mögulegar leiðir til lausnar mála. Stofan hefur samband við þann eða þá aðila sem hugsanlega hafa brotið gegn jafnréttislögum, eftir því hvað á við í hverju tilfelli. Flest mál leysast með þessum hætti. Ef þau gera það ekki og einstaklingur vill kæra mál til Kærunefndar jafnréttismála til að fá úr máli sínu skorið, þá veitir Jafnréttisstofa leiðbeiningar varðandi kærufærlid.

#### *JAFNRÉTTISÁÆTLANIR*

Fyrirtæki sem hafa fleiri en 25 starfsmenn skulu hafa jafnréttisáætlun eða kveða sérstaklega á um jafnréttismál í starfsmannastefnu sinni, sbr. 18. gr. jafnréttislaga nr. 10/2008. Jafnréttisstofa veitir stofnunum og fyrirtækjum ráðgjöf við gerð slíkra áætlana. Nokkuð var um það á árinu 2010, eins og áður, að fyrirtæki og stofnanir nýttu sér þessa aðstoð. Jafnréttisstofa heldur einnig námskeið um gerð jafnréttisáætlana ef þess er óskað.

Undir lok ársins 2009 var kallað eftir jafnréttisáætlunum allra sveitarfélaga. Þeim sveitarfélögum sem ekki höfðu svarað fyrir áramót var send ítrekun í janúar. Þegar áttakinu lauk höfðu borist jafnréttisáætlanir frá 46 sveitarfélögum. Sextán sveitarfélög svöruðu því til að þau væru ekki með jafnréttisáætlun og 14 sveitarfélög svöruðu ekki. Öllum sveitarfélögum var bent á skyldur þeirra til að gera jafnréttisáætlun skv. 12. gr. jafnréttislaga. Á árinu 2011 mun Jafnréttisstofa kalla eftir jafnréttisáætlunum sveitarfélaga að nýju.



## SKÝRSLUR OG UMSAGNIR

### *ÞINGSÁLYKTUN UM FRAMKVÆMDAÁÆTLUN Í JAFNRÉTTISMÁLUM*

Samkvæmt 11. gr. jafnréttis laga gerir Jafnréttisstofa tillögur til félags- og tryggingamálaráðherra, nú velferðarráðherra, um verkefni og fleira sem ætti að vera í framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum. Stofan sinnir einnig eftirliti með framgangi áætlunarinnar, fyrst og fremst í samstarfi við jafnréttisfulltrúa ráðuneyta. Jafnréttisfulltrúar ráðuneytanna hafa m.a. það hlutverk að fylgja eftir verkefnum sinna ráðuneyta og þeir skila skýrslu um stöðuna til Jafnréttisstofu um hver áramót. Síðasta framkvæmdaáætlun rann út 2008. Sú áætlun var gerð upp með skýrslu á Jafnréttisþingi í janúar 2009. Sökum efnahagshrunsins og afleiðinga þess dróst að semja nýja áætlun. Á starfsárinu 2010 var lagður grundvöllur að nýrri áætlun og verður hún send til umfjöllunar þingsins í upphafi árs 2011.

### *UMSAGNIR*

Mikilvægt er að jafnréttisumsögn fylgi sumum lagafrumvörpum og þingsályktunum. Slík umsögn ætti helst að fylgja öllum lagafrumvörpum. Jafnréttisstofa veitti umsögn um eftirtalin lagafrumvörp og þingsályktanir á árinu 2009:

Dæmi: Mál nr. 14, þskj. 14, frumvarp til laga um breytingu á lögum um hlutafélög og lögum um einkahlutafélög (eignarhald, kynjahlutföll og starfandi stjórnarformenn)

Mál nr. 457, þskj. 787, lþ 138, frv. til laga um lagaskrifstofu Alþingis.

Mál 658, þskj. 1258, lþ. Frv. til laga um breytingu á lögum um Stjórnarráð Íslands. (sameining ráðuneyta).

Mál nr. 48., þskj. 49, lþ.139, frv. til laga um breytingu á almennum hegningarlögum (kynferðisbrot).

Mál nr. 87., þskj. 92, lþ. 139. Frv. til laga um stofnun sameignarfyrirtækis um Orkuveitu Reykjavíkur ofl. (kynjahlutfall í stjórn).

Mál nr. 271, þskj. 312, lþ. 138, þált. um aðgerðir til að jafna stöðu kynjanna á vinnumarkaði.

Mál nr. 485., þskj. 836, lþ 138, frv. til laga um breytingar á hjúskaparlögum (ein hjúskaparlög).

Mál nr. 313, þskj. 380, lþ. 139, frv. til laga um breytingar á ýmsum lagaákv. Um skatta og gjöld (rafræn þjónustusala og eftirlit vegna áætlana).

Mál. nr. 208, þskj. 227, lþ. 139, frv. til laga um breytingar á lögum um virðisaukaskatt.

Mál nr. 47, þskj. 48, lþ. 139, þált. um uppsögn af hálfu atvinnurekanda.

Mál nr. 88, þskj. 93, lþ. 139, þált. um þjóðaratkvæðagreiðslu um aðlögunar- og viðræðuferli Íslands og Evrópusambandsins.

Mál. 198, þskj. 215, lþ. 139, frumvarp til laga um fjölmiðla.

Mál. 200, þskj. 217, lþ. 139, frv. til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum.

Mál. 49, þskj. 50, lþ. 139, frv. til laga um lagaskrifstofu Alþingis.

Mál. 67, þskj. 68, lþ. 139, þált. um mótun reglna um verkferla og hæfnismat við opinberar embættisveitingar.

### *SKÝRSLUR FYRIR ALÞJÓÐASTOFNANIR*

Ísland er aðili að alþjóðlegum samningum er varða jafnréttismál. Jafnréttisstofa svaraði fyrirspurnum þeirra stofnana sem fylgja þeim eftir. Rétt er hér að nefna nokkra samninga:

ILO – Íslenskum stjórnvöldum berast reglulega erindi frá Alþjóðavinnuáráðastofnuninni, ILO (International Labour Organisation), þar sem meðal annars er óskað upplýsinga um stöðu jafnréttismála. Þær samþykktir sem snúa að jafnréttismálum eru nr. 100 og 111.

Evrópuráðið – Jafnréttisstofa svarar spurningum sem berast frá Evrópuráðinu og varðar jafnréttismál. Á árinu 2010 bárust spurningar um jafnréttislöggjöf, farandverkakonur og vinnumarkaðinn auk verndar kvenna gegn ofbeldi.

## **NEFNDIR OG VINNUHÓPAR**

### *AÐGERÐAÁÆTLUN VEGNA OFBELDIS Á HEIMILUM OG KYNFERÐISLEGS OFBELDIS*

Framkvæmdastýra Jafnréttisstofu er í vinnuhópi sem hefur það hlutverk að fylgja eftir framkvæmdaáætlun sem ætlað er að vinna gegn ofbeldi gegn konum. Meginmarkmið aðgerðaáætlunarinnar er að vinna gegn ofbeldi á heimilum og kynferðislegu ofbeldi sem beinist að konum og börnum sem og að bæta aðbúnað þeirra sem orðið hafa fyrir ofbeldi eða eru í áhættuhópi hvað þetta varðar.

Áætlunin var unnin á vettvangi samráðsnefndar félagsmálaráðuneytis, dóms- og kirkjumálaráðuneytis, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis, menntamálaráðuneytis og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Við gerð áætlunarinnar voru meðal annars höfð til hliðsjónar drög frjálsra félagasamtaka að aðgerðaáætlun gegn kynbundnu ofbeldi sem hafði verið send einstökum fagráðherrum í apríl 2005. Var aðgerðaáætlunin samþykkt árið 2006 en endurskoðun á henni hófst árið 2010. Á árinu var stærsta verkefnið sem unnið var að úrvinnsla og lok könnunar á eðli og umfangi ofbeldis gegn konum í nánnum samböndum.

## *NEFND UM NÝJA AÐGERÐARÁÆTLUN STJÓRNVALDA GEGN KYNBUNDNU OFBELDI ÁRIN 2011-2015*

Hlutverk nefndarinnar er að vinna að aðgerðaáætlun stjórnvalda gegn kynbundnu ofbeldi fyrir árin 2011–2015, en í áætluninni verður meðal annars lögð sérstök áhersla á að skoða samhengi kynbundinna ofbeldisbrota, saksóknar vegna þeirra og meðferðar í dómsskerfinu. Framkvæmdastýra Jafnréttisstofu á sæti í nefndinni.

### *JAFNRÉTTISFULLTRÚAR RÁÐUNEYTA*

Í 13. grein jafnréttislaga er kveðið á um að í hverju ráðuneyti skuli starfa jafnréttisfulltrúi sem fjallar um og hefur eftirlit með jafnréttisstarfi á málavíðni viðkomandi ráðuneytis og stofnana þess. Jafnréttisfulltrúar ráðuneytanna halda mánaðarlega samráðsfundi sem starfsmaður Jafnréttisstofu sækir. Á þeim fundum fer fram fræðsla fyrir jafnréttisfulltrúana og þeir samhæfa störf sín.

### *KYNJUD HAGSTJÓRN*

Á árinu 2009 skipaði fjármálaráðherra verkefnisstjórn um stefnumótun og undirbúning að kynjaðri hagstjórn og fjárlagagerð. Hlutverk hennar er að vinna álit og tillögur um aðgerðir til að innleiða leikreglur kynjaðrar fjárlagagerðar. Jafnréttisstofa á fulltrúa í verkefnisstjórninni.

Markmið verkefnisstjórnarinnar er að við stefnumótun og gerð fjárlagafrumvarps ársins 2011 verði unnt að stíga fyrsta sýnilega skrefið í innleiðingu umræddra leikreglna á grundvelli tillagna frá stjórninni. Verkefnastjórnin sem skipuð er fimm fulltrúum er með sérstaka heimasíðu á slóðinni: [http://www.fjarmalaraduneyti.is/verkefni/kynjud\\_fjarlagagerd/](http://www.fjarmalaraduneyti.is/verkefni/kynjud_fjarlagagerd/)

### *MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS*

Jafnréttisstofa á aðild að Mannréttindaskrifstofu Íslands. Skrifstofan er óháð stofnun sem vinnur að framgangi mannréttinda með því að stuðla að rannsóknum og fræðslu og efla umræðu um mannréttindi á Íslandi. Skrifstofan gegnir einnig ákveðnu eftirlitshlutverki en hún veitir umsagnir um lagafrumvörp og skilar skýrslum til eftirlitsnefnda Sameinuðu þjóðanna og Evrópuráðsins.

### *RÁÐGJAFANEFND UM STYRKI TIL ATVINNUMÁLA KVENNA*

Síðan 1991 hafa styrkir verið veittir til kvenna sem hafa góðar viðskiptahugmyndir en það var þáverandi félagsmálaráðherra Jóhanna Sigurðardóttir sem kom því verkefni af stað. Á þeim tíma var atvinnuleysi kvenna töluvert og styrkirnir ætlaðir sem mótvægi við það og sem tækifæri fyrir konur í viðskiptum með því að auka aðgengi kvenna að fjármagni. Frá árinu 2008 hefur fulltrúi Jafnréttisstofu setið í ráðgjafarnefnd sem fer yfir allar styrkumsóknir og gerir tillögu til félags- og tryggingamálaráðherra um styrkveitingar. Á árinu 2010 var 30 milljónum úthlutað til 55 styrkhafa. Umsóknir í sjóðinn voru 308.

### *VELFERÐARVAKTIN*

Eftir að Jafnréttisvaktin hafði skilað skýrslu sinni til ráðherra var ákveðið að eðlilegast væri að starfsemi hennar mundi renna inn í Velferðarvaktina í anda samþættingar kynja- og jafnréttissjónarmiða. Markmið þess er að tryggja að jafnréttissjónarmiðin verði eðlilegur hluti af því starfi sem Velferðarvaktin stendur fyrir. Var Þorhildur Þorleifsdóttir, formaður Jafnréttisráðs skipuð aðalmaður og Kristín Ástgeirsdóttir, varamaður hennar.

## JAFNLAUNAVOTTUN

Í október 2008 skrifuðu félags- og tryggingamálaráðherra, Alþýðusamband Íslands og Samtök atvinnulífsins undir viljayfirlýsingu um að þau hygðust í samráði við Staðlaráð Íslands hefja gerð staðals sem nýst gæti sem undirstaða vottunar launajafnréttis á vinnumarkaði. Yfirumsjón með gerð staðalsins er í höndum svokallaðrar tækninefndar. Jafnréttisstofa á aðild að tækninefndinni ásamt fleiri aðilum.

## MÁLÞING OG OPNIR FUNDIR

Á hverju ári tekur Jafnréttisstofa þátt í undirbúningi ýmissa funda bæði sjálfstætt og í samstarfi við aðra. Hér eru nefndir nokkrir slíkir fundir.

### AFMÆLISRÁÐSTEFNA JAFNRÉTTISSTOFU

Á árinu fagnaði Jafnréttisstofa 10 ára starfsafmæli og af því tilefni var haldin afmælisráðstefna í Ketilhúsinu á Akureyri. Dagskráin samanstóð af stuttum ávörpum og lengri erindum og tónlist í flutningi Kristjönu Arngrímsdóttur og Kristjáns Hjartarsonar. Aðstoðarmaður ráðherra Anna Sigrún Baldursdóttir ávarpaði ráðstefnuna fyrir hönd ráðherra, núverandi og fyrrverandi jafnréttisstýrur, þær Valgerður Bjarnadóttir, Margrét María Sigurðardóttir og Kristín Ástgeirsdóttir horfðu um öxl og fram á við. Þórhildur Þorleifsdóttir formaður Jafnréttisráðs, Brynhildur Flóvenz dósent í lögfræði og fyrrverandi stjórnarformaður Mannréttindaskrifstofu Íslands, Björn Þorláksson rithöfundur og Gyða Margrét Pétursdóttir kynjafræðingur fluttu erindi og undir lokin voru pallborðsumræður. Afmælisráðstefnan var mjög vel sótt og voru umræður hressilegar.

### JAFNRÉTTISTORG

Jafnréttisstofa og Háskólinn á Akureyri hafa undanfarin ár staðið sameiginlega að fyrirlestraröð um jafnréttismál undir yfirskriftinni Jafnréttistorg. Í ár voru haldnir tveir fyrirlestrar.

Í janúar hélt Bergljót Þrastardóttir, sérfræðingur hjá Jafnréttisstofu erindið: Konur í sveitarstjórn. Á síðasta ári skipaði Kristján L. Möller samgönguráðherra starfshóp sem átti að leggja fram tillögur um aðgerðir stjórnvalda til að jafna betur stöðu kynjanna í sveitarstjórnnum við næstu sveitarstjórnarkosningar sem haldnar voru í lok maí. Starfshópurinn skilaði tillögum sínum til ráðherra í október 2009 og kynnti Bergljót tillögur og greinargerð starfshópsins.

Í nóvember hélt Hjálmar G. Sigmarssona erindið: Að vinna að jafnréttismálum í Bosnía. Hjálmar var í leyfi frá starfi sínu á Jafnréttisstofu í tvö ár til að sinna verkefni á vegum friðargæslunnar, sem jafnréttisráðgjafi hjá UNIFEM í Bosnía og Hersegóvínu. Hjálmar fjallaði um reynslu sína í Bosnía og varpaði ljósi á hvernig það var að vinna að þróunarmálum í landi sem á flókna sögu og lifir við erfitt stjórn málaástand. Einnig fór hann yfir stöðu jafnréttismála þar í landi og þau verkefni sem hafa verið í gangi síðan UNIFEM opnaði verkefnaskrifstofu í Sarajevó árið 2008.

### KYN OG LOFTSLAGSMÁL

Í kjölfar fundar Sameinuðu þjóðanna um loftslagsmál sem haldinn var í Kaupmannahöfn undir lok árs 2009 eflidust umræður um kyn og loftslagsmál. Þær loftslagsbreytingar sem nú eiga sér stað hafa mismunandi áhrif á kynin og kynin hafa mismunandi áhrif með hegðun sinni. Jafnréttisstofa stóð fyrir

málþingi í febrúar í Háskóla Íslands ásamt Rannsóknastofu í kvenna og kynjafræðum við HÍ og Stofnun Vilhjálms Stefánssonar. Málþingið var vel sótt og vakti málefnið nokkrar umræðu og athygli.

#### *KYNBUNDIN VALDAKERFI Í ÍSLENSKUM STJÓRN MÁLUM OG EFNAHAGSLÍFI*

Föstudaginn 15. janúar var haldið málþing um kyn og völd í íslenskum stjórn málum og efnahagslífi á vegum Rannsóknastofu í kvenna- og kynjafræðum (RIKK), Jafnréttisstofu og EDDU – öndvegisseturs. Á málþinginu voru kynntar niðurstöður íslenska hluta samnorræna rannsóknaverkefnisins: Kyn og völd á Norðurlöndum. Verkefnið var unnið af norrænu kvenna- og kynjarannsóknastofnuninni NIKK að ósk Norrænu ráðherranefndarinnar. RIKK hafði umsjón með íslenskum hluta rannsóknarinnar.

Kyn og völd er fyrsta verkefnið þar sem valdastöður í stjórn málum og efnahagslífi á Norðurlöndum og norrænum sjálfstjórnarsvæðum eru kortlagðar og bornar saman, en 20 fræðimenn rannsökuðu þróunina á síðustu 15 árum og lögðu mat á aðgerðir og lagasetningu sem gripið hefur verið til í jafnréttismálum. Á meðan konur á Norðurlöndum hafa styrkt stöðu sína í stjórn málum hefur konum lítið sem ekkert fjölgað í stjórn atvinnulífsins en þar ráða karlmenn enn lögum og lofum. Undantekning frá þeirri reglu er Noregur þar sem gripið var til lagasetningar til að fjölga konum í stjórn atvinnulífsins. Stjórnarfrumvarp um kynjakvóta í stjórn fyrirtækja var afgreitt á Alþingi í byrjun mars en það kveður á um að hlutur hvors kyns um sig skuli ekki vera minni en 40% í hlutafélögum og einkahlutafélögum með 50 starfsmenn eða fleiri.

#### *FRELSI TIL FJÖLSKYLDULÍFS! SAMRÆMING FJÖLSKYLDU- OG ATVINNULÍFS*

Árlega stendur ASÍ, BHM, KÍ, BSRS, SSF, Jafnréttisráð og Jafnréttisstofa að fundi í tilefni af alþjóðlegum baráttudegi kvenna 8. mars. Árið 2010 var ákveðið að helga daginn samræmingu fjölskyldu- og atvinnulífs og flutt voru þrjú erindi sem öll nálguðust þemað frá ólíku sjónarhorni.

#### *OPIÐ HÚS*

Í tilefni alþjóðlagsbaráttudags kvenna þann 8. mars var opið hús hjá Jafnréttisstofu þar sem gestum og gangandi var boðið upp á spjall og léttar veitingar.

#### *UPPLESTUR JAFNRETTISLAGA*

Í tilefni þess að alþjóðlegur baráttudagur kvenna hefur verið haldinn hátíðlegur í 100 ár bauð Akureyrarakademían og Jafnréttisstofa upp á upplestur úr lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008 og helstu áföngum í baráttu kvenna fyrir jafnrétti. Upplesturinn fór fram í Eymundsson og var í höndum stjórn málamanna, skólastjórnenda og nemenda úr grunnskólum bæjarins.

#### *LANDSFUNDUR JAFNRETTISNEFNDA SVEITARFÉLAGA*

Daganna 10.-11. september var landsfundur jafnréttisnefnda sveitarfélaga haldinn á Akureyri samhliða afmæli Jafnréttisstofu sem bauð til ráðstefnu 10. september. Skipulagning fundarins var mestmegnis í höndum Akureyrarbæjar. Megin áhersla fundarins að þessu sinni var að kynna nýjum sveitastjórnafulltrúum skyldur sveitastjórna samkvæmt jafnréttislögum en einnig var fjallað um þau málefni sem eru efst á baugi.

## *KVENNASÖGUGANGA*

Farið var í kvennasögugöngu á Akureyri þann 19. júní til að minnast þess að konur hlutu kosningarétt þann dag árið 1915. Jafnréttisstofa, Akureyrarbær, Minjasafnið á Akureyri og Zonta-klúbbarnir á Akureyri stóðu fyrir göngunni að þessu sinni og tóku um hundrað manns þátt í henni. Hlín Bolladóttir, bæjarfulltrúi, ávarpaði göngugesti sem að þessu sinni var farin undir leiðsögn Guðrúnar Maríu Kristinsdóttir, formanns Zontaklúbbs Akureyrar.

## *ÞÖGUL ÞJÁNING, RÁÐSTEFNA UM KYNBUNDIÐ OFBELDI*

Í apríl var boðið til ráðstefnu í Háskólanum á Akureyri um kynbundið ofbeldi. Ráðstefnan bar yfirskriftina Þögun þjáning og var samstarfsverkefni Jafnréttisstofu og Háskólans á Akureyri en félags- og tryggingamálaráðuneytið hafði falið Jafnréttisstofu að annast sérstakan fræðsludag um kynbundið ofbeldi. Ráðstefnan var öllum opin en ætluð sem sérstakur vettvangur fyrir fagstéttir og alla þá sem vilja leggja sitt að mörkum til að vinna gegn og uppræta kynbundið ofbeldi. Að þessu sinni var starfsfólk félagsþjónustu sveitarfélaganna sérstaklega boðið á ráðstefnuna sem var mjög vel sótt. Boðið var upp á hliðarviðburð þar sem Katrín Björg Ríkarðsdóttir, framkvæmdarstjóri Samfélags- og mannréttindadeildar Akureyrar kynnti aðgerðaáætlun bæjarins gegn kynbundnu ofbeldi. Ráðstefnan var auglýst í sjónvarpi, útvarpi, dagblaði og á heimasíðum þeirra sem að henni komu. Jafnframt var vakin athygli á staðreyndum um kynbundið ofbeldi með auglýsingum í sjónvarpi.

## *16 DAGA ÁTAK GEGN KYNBUNDNU OFBELDI*

Jafnréttisstofa tók þátt í 16. daga alþjóðlegu átaki gegn kynbundnu ofbeldi en dagsetningar átaksins, frá 25. nóvember, alþjóðlegum baráttudegi gegn kynbundnu ofbeldi, til 10. desember, hins alþjóðlega mannréttindadags, voru valdar til að tengja á táknrænan hátt kynbundið ofbeldi og mannréttindi. Markmið átaksins er að knýja á um afnám alls kynbundins ofbeldis. Fjöldi samtaka og stofnana koma að áttakinu.

Í ár voru nemendur í Menntaskólanum á Akureyri þátttakendur í áttakinu en þeir fengu fræðslu frá Jafnréttisstofu og Aflinu um kynbundið ofbeldi og tóku þátt í ljósagöngu átaksins á Akureyri. Ljósaganan var fjölmenn og fluttu fulltrúar Aflsins erindi, nemendur úr MA fluttu ljóð og stúlknakórinn Ungar raddir flutti nokkur lög. Á Akureyri var einnig haldin kvikmyndasýning í Rósenborg í samstarfi við Kvikmyndaklúbb Akureyrar, Akureyrarbæ og Aflið.

## *FRAMLAG TIL FRIDAR OG KYNJAJAFNRÉTTIS*

Á árinu voru liðin tíu ár frá því að utanríkisráðuneytið sendi fyrsta jafnréttissérfræðinginn til starfa fyrir Þróunarsjóð SP fyrir konur (UNIFEM) á Balkanskaga og hefur sá stuðningur verið óslitinn allar götur síðan. Auk starfsins á Balkanskaganum hafa íslenskir sérfræðingar starfað fyrir UNIFEM í Líberíu, á Barbados og í höfuðstöðvunum í New York. Á sama tíma hefur hlutfall fjárhagslegs stuðnings utanríkisráðuneytisins við UNIFEM aukist margfalt og skilað Íslandi í röð helstu stuðningsríkja sjóðsins. Í tilefni þess var efnt til málþings í samstarfi við Utanríkisráðuneytið, landsnefnd UNIFEM á Íslandi og Háskólinn á Akureyri. Þar var til umræðu samstarf utanríkisráðuneytisins og UNIFEM, vægi þess og framtíð innan nýrrar og öflugrar Stofnunar Sameinuðu þjóðanna um kynjajafnrétti og valdeflingu kvenna (UN Women). Á mælendaskrá voru margir af þeim einstaklingum sem starfað hafa á vegum UNIFEM auk starfsmanna utanríkisráðuneytisins og annarra sem hafa látið sig starfið varða.

## FRÆDSLUFUNDIR OG ERINDI

Starfsfólk Jafnréttisstofu heldur á hverju ári fjölda erinda um jafnrétti kynjanna á margvíslegum vettvangi innan lands sem utan. Flest eru þau haldin að ósk aðila sem leita til Jafnréttisstofu, en önnur eru flutt í tengslum við verkefni sem stofan hefur verið samstarfsaðili að.

Erindi sem starfsfólk Jafnréttisstofu hefur haldið innanlands hafa tengst hinum ýmsu þáttum jafnréttisstarfsins. Sum erindin eru um starfsemi stofunnar, jafnréttislöggjöfina og stöðu jafnréttismála á hinum ýmsu sviðum samfélagsins. Önnur eru hins vegar kynning á rannsóknarniðurstöðum eða tengd stærri málefnum í jafnréttisbaráttu, svo sem launamun kynjanna, áhrif efnahagskreppunnar á kyn og vinnustaðamenningu. Einnig hefur starfsfólk Jafnréttisstofu flutt erindi og heimsótt vinnustaði, stéttarfélög, sveitarfélög, félagasamtök og skóla sem þess hafa óskað. Of langt mál væri að telja upp alla þá fundi en nokkra ber þó að nefna.

Kristín Ástgeirsdóttir hélt erindi á ráðstefnu um kyn og loftslagsbreytingar sem haldin var í Háskóla Íslands í byrjun febrúar. Hún hélt einnig erindi á fundi SFR og fleiri félagasamtaka um starfsmat. Á fundi kvennanefndar Sameinuðu þjóðanna í New York í mars hélt Kristín erindi um kyn og völd á Norðurlöndum annars vegar og árangur jafnréttisbaráttunnar hins vegar. Bæði erindin voru flutt á hliðarviðburðum sem skipulagðir voru sameiginlega af Norðurlöndunum. Kristín flutti erindi um kynbundið ofbeldi á ráðstefnu í Illulísat á Grænlandi en hún var hluti af formennskuáætlun Dana í Norrænu ráðherranefndinni. Þá flutti hún erindi á afmælisráðstefnu Jafnréttisstofu, hjá Capasent, Bandalagi kvenna í Reykjavík, á norræni ráðstefnu um ungt fólk sem menntamálaráðuneytið stóð fyrir, á hliðarviðburði sem haldinn var í tilefni af fundi Norðurlandaráðs og á ráðstefnu í Færeyjum um kynbundið ofbeldi.

Kristín Ástgeirsdóttir og Tryggvi Hallgrímsson héldu erindi á ráðstefnuröð SFR (Stéttarfélag í almannaþjónustu) sem bar heitið „Jöfn staða kynjanna er forsenda farsældar“. Kristín flutti erindi sem fjallaði um hvernig kynjasjónarmið snerta baráttu gegn loftslagsbreytingum en Tryggvi fjallaði í erindi sínu um það hvernig efnahagsbreytingar hafa ólík áhrif á karla og konur.

Ingibjörg Elíasdóttur lögfræðingur á Jafnréttisstofu hélt erindi á ráðstefnu um kynjamisrétti í auglýsingum í Vínarborg þann 18. október. Erindi Ingibjargar fjallaði um það hvort það væri hagnýtt og fullnægjandi að setja lög til þess að berjast gegn kynjamisrétti í auglýsingum. Það var Gabriele Heinisch-Hosek, ráðherra jafnréttismála í Austurríki sem bauð til ráðstefnunnar. Aðrir fyrirlesarar á ráðstefnunni komu m.a. frá Noregi, Króatíu, Lúxemborg, Þýskalandi og Sviss.

Tryggvi Hallgrímsson hélt tvö erindi í Svíþjóð á árinu 2010. Í Janúar kynnti hann íslenskar rannsóknir um þátttöku íslenskra karla í fæðingarorlofi, á ráðstefnu TCO (Tjänstemännens Centralorganisation) sem haldin var í Stokkhólmi. Ráðstefnan fjallaði um áherslur í umönnunarstefnu, þar sem þátttakendur komu flestir úr röðum stjórnáráðmanna og stjórnenda opinberra stofnana. Í nóvember hélt Tryggvi lykilfyrirlestur um kynjajafnrétti og sjálfbærni í ákvarðanatöku og stefnumótun, á alþjóðlegri ráðstefnu Háskólans í Linköping. Ráðstefnan var samstarfsverkefni fjölmargra norrænna og evrópskra rannsóknastofnana á sviði jafnréttismála.

## **NÁMSKEIÐ**

Jafnréttisstofa býður upp á námskeið um jafnréttisstarf fyrir fyrirtæki og stofnanir. Námskeiðin eru sérstaklega sniðin af þörfum þeirra sem eftir þeim óska. Fjallað er um jafnréttisstarf í víðu samhengi, svo sem jafnréttislögin, aðferðafræði við samþættingu og gerð jafnréttisáætlana.

### *STAÐA JAFNRÉTTISMÁLA OG JAFNRÉTTISLÖGGÖFIN*

Námskeiðið er um ein til tvær klukkustundir að lengd en getur verið aðlagð að þörfum þeirra sem óska eftir því. Fjallað er um stöðu jafnréttismála í íslensku samfélagi og farið yfir jafnréttislöggjöfina ásamt því að þátttakendur eru hvattir til þess að ræða málin og takast á um hvað felst í hugtakinu jafnrétti.

### *NÁMSKEIÐ UM GERÐ JAFNRÉTTISÁÆTLANA*

Námskeiðið er á bilinu ein til fjórar klukkustundir að lengd og sérstaklega er hugsað fyrir stofnannir og fyrirtæki sem eru að hefja jafnréttisstarf og ætla að setja sér jafnréttisáætlun. Einnig hefur það verið aðlagð fyrir þá sem eru að endurskoða eldri áætlanir í samræmi við nýja löggjöf. Hvert námskeið er aðlagð að þeim sem óska eftir því og reynt er að taka inn dæmi tengd þeim vinnustað sem á í hlut hverju sinni.

### *NÁMSKEIÐ UM KYNJASAMÞÆTTINGU*

Námskeiðið er á bilinu ein til fjórar klukkustundir að lengd og er sérstaklega er hugsað fyrir stofnanir og fyrirtæki sem eru að hefja samþættingarvinnu. Á námskeiðinu er farið í grundvallar atriði kynjasamþættingar, hvað þarf að hafa í huga áður en vinnan hefst og farið í gegnum hagnýtar leiðir við vinnu að samþættingarverkefnum. Námskeiðið byggir á handbókinni Jöfnum leikinn.

### *JAFNRÉTTISFRÆÐSLA FYRIR KENNARA OG STARFSFÓLK SKÓLA*

Í tengslum við þróunarverkefnið Jafnréttisfræðsla í leik- og grunnskólum hefur Jafnréttisstofa boðið upp á fyrirlestra (1 klst.), fræðslufundi (2 - 3 klst.) og námskeið (4 – 8 klst.) í skólum með það að markmiði að efla kynjafræðilegan grunn skólastjórnenda, kennara og starfsfólks skóla.

## **VERKEFNI**

Jafnréttisstofa vinnur að margvíslegum verkefnum, ýmist sjálfstætt eða í samstarfi við aðra. Hér eru nefnd stærri verkefni stofunnar.

### *SÖFNUN TÖLULEGRA UPPLÝSINGA*

Eitt af hlutverkum Jafnréttisstofu skv. 4 gr. laga nr. 10/2008 er að fylgjast með þróun jafnréttismála í þjóðfélaginu, m.a. með upplýsingaöflun og rannsóknum. Á árinu 2009 var gefin út skýrsla í tengslum við jafnréttisþingið sem þá var haldið þar sem Jafnréttisstofa safnaði saman miklu magni tölulegra upplýsinga. Þessar upplýsingar voru uppfærðar á árinu 2010 og er þær að finna á heimasíðu stofunnar [www.jafnretti.is](http://www.jafnretti.is).



## *KARLAR TIL ÁBYRGÐAR*

Karlar til ábyrgðar er verkefni sem hófst árið 1998 en féll niður og var komið aftur af stað 2006. Um er að ræða eina sérhæfða meðferðarræðið fyrir karla sem beita ofbeldi á heimilum hér á landi. Bæði er boðið upp á einstaklingsmeðferð og hópmeðferð hjá sálfræðingum. Þótt karlar séu ekki einir um að beita ofbeldi er meðferðarræðið aðeins fyrir þá. Verkefnisstjórn verkefnisins er í höndum Jafnréttisstofu en umsjón þess er í höndum sálfræðinganna Einars Gylfa Jónssonar og Andrésar Ragnarssonar.

## *SAMSTÍGA - SIDE BY SIDE*

Jafnréttisstofa hlaut styrk úr PROGRESS sjóði Evrópusambandsins til að halda áfram með verkefnið Side by side – Samstíga. Markmið verkefnisins er að efla samþættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða í opinberri stjórnsýslu. Á árinu voru haldin nokkur námskeið á vegum verkefnisins en megin hluti verkefnisins verður unnin á starfsárinu 2011. Í tengslum við verkefnið hefur verið haldið úti heimasíðu þar sem safna á og miðla efni um samþættingu á meðan á verkefninu stendur. [www.samstiga.is](http://www.samstiga.is).

## *RÉTTUR ÞINN – MIKILVÆGAR UPPLÝSINGAR FYRIR ERLENDAR KONUR Á ÍSLANDI*

Í samstafi við Mannréttindaskrifstofu Íslands var sótti um styrkt í PROGRESS sjóði Evrópusambandsins til að standa straum af útgáfu bæklinga fyrir erlendar konur á Íslandi um réttindi þeirra. Undirbúningur að útgáfunni hófst árið 2010 og komið var á fót ráðgjafahópi sem samanstóð af fulltrúum frá Stígamótum, félags- og tryggingarmálaráðuneyti, Útlendingastofnun, Samtökum kvenna af erlendum upprunna, Lögreglunni á Höfuðborgarsvæðinu, Reykjavíkurborg, Kvennaathvarfinu og Fjölmenningarsetrinu á Ísafirði auk fulltrúum frá Jafnréttisstofu og Mannréttindaskrifstofu. Svipað verkefni hafði verið fyrirhugað hjá Stígamótum með styrk frá Þróunarsjóði innflytjendamála en ákveðið var að vinna verkefnið saman. Útgáfan er fyrirhuguð í ársbyrjun 2011.

## *SAMSTARF UM FRÆÐSLU GEGN KYNBUNDU OFBELDI*

Í nóvember hóf Jafnréttisstofa undirbúning að fræðslusamstarfi með Aflinu á Akureyri. Um er að ræða framhald af samstarfi sem hófst 2008. Í samræmi við skilgreiningu jafnréttislaganna á hlutverki Jafnréttisstofu að vinna að auknum forvörnum gegn kynbundnu ofbeldi með samtökum á þessu sviði. Markmiðið er að þróa samstarf þar sem unnið verður markvisst að því að efla fræðslu í þessum málaflokki í skólum, og meðal ungs fólks almennt. Stefnt er að því árið 2011 að heimsækja í sameiningu sem flesta skóla á Norðurlandi og auka meðvitund skólayfirvalda um mikilvægi þess að bjóða upp á slíka fræðslu. Sem hluta af 16 daga átakinu tóku Jafnréttisstofa og Aflið að sér fræðslu í Menntaskólann á Akureyri um kynbundið ofbeldi.

## *JAFNRÉTTI Í LEIK- OG GRUNNSKÓLA*

Verkefninu lauk formlega í mars með lokafundum á Akureyri og í Reykjavík. Þar var farið yfir verkefnið og árangur þess. Þrátt fyrir verkefnalok hélt starfsfólk Jafnréttisstofu áfram að heimsækja nemendur á öllum skólastigum árið 2010 og hélt námskeið fyrir kennara og stjórnendur, m.a. á starfsdögum þeirra í Fjarðarbyggð, á Akureyri og í Kópavogi sem voru mjög vel sótt. Í Fjarðarbyggð var haldið námskeið fyrir kennara og stjórnendur grunnskóla um gerð jafnréttisáætlana og leikskólakennarar í sveitarfélaginu sóttu námskeið um jafnréttisfræðslu í leikskólum. Á Akureyri og í Kópavogi fóru fram dagsnámskeið í samstarfi við Menntamálaráðuneytið og umrædd sveitarfélög um

jafnréttisfræðslu í grunnskólum og staðalmyndir kynjanna og á báðum námskeiðunum kynntu kennarar jafnréttisfræðsluverkefni sem þeir höfðu unnið og þróað í sinni kennslu.

#### *STARFSHÓPUR UM AUKINN HLOT KVENNA Í SVEITARSTJÓRNUM*

Jafnréttisstofa átti fulltrúa í samstarfshópi um aukin hlut kvenna í sveitarstjórnnum árið 2009 en hópurinn skilaði greinargerð til samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra í október það ár. Í kjölfarið var Jafnréttisstofu falið að fylgja tillögum nefndarinnar eftir. Jafnréttisstofa sendi bréf til formanna allra stjórnmalaflokka þar sem hún hvatti til aukins hlutar kvenna á framboðslistum og í efstu sætum lista. Einnig voru send bréf til allra sveitarstjórna í landinu og auk þess dreifði Jafnréttisstofa hvatningabæklingnum *Eflum lýðræðið – Konur í sveitarstjórn* til stjórnmalaflokka, sveitarfélaga o.fl. Jafnréttisstofa hvatti konur til að bjóða sig fram til sveitarstjórnkosninga og almenning til að kjósa bæði konur og karla í skjáauglýsingum í Ríkissjónvarpinu. Þá stóð Jafnréttisstofa fyrir því að gerðir voru sex útvarpsþættir um konur og sveitarstjórnir.

#### *SAMSTARF VEGNA KVENNAFRÍDAGSINS 2010*

Jafnréttisstofa tók þátt í að undirbúa dagskrá kvennafrídagsins í Reykjavík og á Akureyri sem fram fór 24.október. Mikill fjöldi kvenna lagði niður störf kl. 14:25 þennan dag og tóku þátt í kröfugöngum og skipulögðum dagskrám víða um land.

#### *KOSNINGAR TIL STJÓRNLAGAÞINGS*

Að beiðni Félags- og tryggingamálaráðuneytis tók Jafnréttisstofa að sér auglýsingaherferð til að hvetja fólk til að kjósa bæði konur og karla til stjórnlagabþings en þær kosningar fóru fram í nóvember. Auglýst var í ríkissjónvarpinu og fengu auglýsingarnar góðar undirtektir. Úrslit urðu þau að konur urðu um 30% fulltrúa og þurfti því ekki grípa til kynjakvóta eða jöfnunarsæta eins og lögin kváðu á um. Kosningarnar voru síðar dæmdar ógildar.

#### *EVROPUSÁTTMÁLI UM JAFNA STÖÐU KVENNA OG KARLA Í SVEITARFÉLÖGUM*

Jafnréttisstofa hélt í samstarfi við Samband íslenskra sveitarfélaga fundi og námskeið fyrir þau sveitarfélög sem hafa undirritað Evrópusáttmálann en þau sveitarfélög eru Akureyri, Akranes, Kópavogur, Hafnarfjörður, Mosfellsbær og Reykjavík. Fulltrúum þessara sveitarfélaga var boðið upp á námskeið með sænskum sérfræðingi um innleiðingu Evrópusáttmálans og önnur námskeið á vegum Jafnréttisstofu sem og samstarf við Jafnréttisstofu í tengslum við ákvæði sáttmálans.

## **ÚTGÁFA OG VEFSÍÐA**

Upplýsinga- og fræðsluskylda Jafnréttisstofu er stór hluti af starfi hennar. Til þess að sinna því heldur stofan úti heimasíðu með fjölmörgum undirsíðum. Ýmis fræðslurit um jafnréttismál eru gefin út á hverju ári, ýmist á vegum stofunnar sjálfar eða í samstarfi við aðra aðila. Hér eru upplýsingar um það helsta sem kom út á vegum Jafnréttisstofu á árinu.

#### *HEIMASÍÐA JAFNRÉTTISSTOFU*

Upplýsingar og fréttir eru birtar reglulega á vefsíðu Jafnréttisstofu [www.jafnretti.is](http://www.jafnretti.is) en Jafnréttisstofa hefur að markmiði að heimasíðan sé í senn fróðleg og lifandi. Á heimasíðunni er að finna safn af fræðsluefni og skýrslur um jafnréttismál, orðabók og atburðadagatal með helstu viðburðum sem

tengjast jafnréttismálum. Jafnréttisstofa er einnig með enska heimasíðu. Jafnréttisstofa hefur lagt áherslu á að gefa út allt sitt efni rafrænt svo það sé sem aðgengilegast og nýttist sem best og er það að finna á heimasíðunni.

Jafnréttisstofa er einnig með nokkrar minni undirsíður tengdar ákveðnum verkefnum sem unnin eru á hennar vegum. Fyrst bera að nefna <http://formennska2009.jafnretti.is/> sem opnuð var í tengslum við formennskuáætlun Íslands í Norrænu ráðherranefndinni í fyrra og þeim hluta hennar sem snýr að jafnréttismálum. Aðrar síður eru: kynningarsíða fyrir verkefnið Karlar til ábyrgðar [www.karlaratilabyrgdar.is](http://www.karlaratilabyrgdar.is), Samskipta- og upplýsingarsíða fyrir þróunarverkefnið Jafnréttisfræðsla í leik- og grunnskólum [www.jafnrettiiskolum.is](http://www.jafnrettiiskolum.is), fræðslusíða fyrir Evrópuverkefnið Samstíga á slóðinni [www.samstiga.is](http://www.samstiga.is), og Evrópuverkefnið Tea for two <http://www.tft.gender.is>. Einnig er tengill á verkefnið Eyðum staðalímyndum sem er upplýsingarsíða fyrir verkefnið Afnefum staðalímyndir á slóðinni <http://www.businessandgender.eu/splash>.

### GREINAR Á HEIMASÍÐU JAFNRÉTTISSTOFU

Á árinu voru birtar greinar á heimasíðunni um það bil hálfsmánaðarlega um jafnréttismál. Höfundar þeirra voru bæði starfsfólk stofunnar og annað fólk sem lætur sig jafnréttismál varða með einum eða öðrum hætti. Greinarnar í ár voru 29 og voru efnistökin fjölbreytt. Sumar greinarnar voru sérstaklega skrifaðar fyrir heimasíðuna, aðrar voru fyrirlestrar sem breytt var í greinar, og enn aðrar höfðu áður birst annarsstaðar. Höfundar greinanna aðrir en starfsmenn stofunnar voru m.a. Jóhanna Sigurðardóttir, Árni Páll Árnason, Ögmundur Jónasson, Halla Gunnarsdóttir, Þorgerður Einarsdóttir, Ingólfur V. Gíslason, Björn Þorláksson og Katrín Ólafsdóttir.



### JAFNRÉTTA – 10 ÁRA AFMÆLISRIT JAFNRÉTTISSTOFU

Í september fagnaði Jafnréttisstofa 10 ára starfsafmæli og af því tilefni var gefið út afmælisrit. Ritið var átta síður og fjallað var um það sem efst var á baugi í jafnréttismálum. Þar má nefna nýja framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar í jafnréttismálum sem var í undirbúningi, aðgerðaráætlun gegn kynbundnu ofbeldi, kynjakvóta í nefndum og ráðum á vegum ráðuneytanna, jafnrétti í skólastarfi, kynjaða hagstjórn og fjárlagagerð, Evrópusáttmála um jafna stöðu kenna og karla í sveitarfélögum og héraðum og margt fleira.

### DAGATAL

Í upphafi árs gaf Jafnréttisstofa út dagatal í tilefni þess að í haust eru liðin 15 ár frá kvennaráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Peking. Þar var samþykkt viðamikil framkvæmdaáætlun í málefnum kvenna sem í daglegu tali er kölluð Pekingáætlunin. Hún nær yfir tólf málaflokka, allt frá fátækt kvenna og stöðu þeirra á átakasvæðum til menntunar, heilsu og aukinna valda. Á dagatalinu eru mánuðir ársins 2010 tileinkaðir einstökum áherslupáttum Pekingyfirlýsingarinnar auk þess sem helstu atriði framkvæmdaáætlunarinnar eru tilgreind. Dagatalið var sent í alla skóla á landinu, ráðuneytin og aðrar opinberar stofnanir. Dagatalinu var einnig dreift á helstu ráðstefnum og námskeiðum sem Jafnréttisstofa kom að auk þess sem einstaklingar gátu nálgast dagatalið hjá stofunni.



## KONUR OG KARLAR Á ÍSLANDI 2010

Undanfarin ár hefur Jafnréttisstofa, í samstarfi við Hagstofu Íslands og félags- og tryggingarmálaráðuneytið, gefið út bækling með tölfraeðiupplýsingum um stöðu kynjanna í íslensku samfélagi. Bæklingurinn er gefinn út bæði á íslensku og ensku.




Váir þú að 2008 urðu  
1300 íslenskar konur fyrir ofbeldi  
af handi maka eða kastata?  
Kynbundið ofbeldi  
er ekki einhæmið!

### DRÖGUM TJÖLDIN FRÁ

Bæklingurinn Drögum tjöldin frá! var gefinn út vegna ráðstefnu um kynbundið ofbeldi sem fram fór í Háskólanum á Akureyri í apríl 2010. Í bæklingnum er að finna tölulegar upplýsingar um umfang kynbundins ofbeldis á Íslandi og hvar aðstoð er að finna fyrir brotþola kynbundins ofbeldis.

## EFLUM LÝÐRÆÐI – KONUR Í SVEITASTJÓRN

Gefinn var út bæklingur í aðdraganda sveitastjórnakosninganna til að verkja umræðu um mikilvægi þess að bæði konur og karlar komi að stjórnnum sveitarfélaga. Bæklingurinn var gefinn út í samstarfi við samgöngu- og sveitastjórnarráðuneytið að fenginni ráðgjöf hjá nefnd um aukinn hlut kvenna í sveitarstjórnnum.



Lög um jafna stöðu  
og jafnan rétt  
kvenna og karla  
N. 107/2008

### LÖG UM JAFNA STÖÐU OG JAFNAN RÉTT KVENNA OG KLARA

Í tilefni 10 ára afmælis stofunnar var ákveðið að láta prenta jafnréttislöggjöfina í handhægu broti sem létt væri að bera með sér og dreifa. Nýja löggjöfin sem sett var árið 2008 hafði ekki verið prentuð til dreifingar áður.

## TÖLULEGAR UPPLÝSINGAR UM SVEITASTJÓRNARKOSNINGARNR

Jafnréttisstofa tók saman yfirlit um stöðu kynja á framboðslistum fyrir sveitarstjórnarkosningar 2010 og niðurstöður kosninganna sjálfra. Yfirlitið náði yfir öll sveitarfélög og alla framboðslista. Báðar samantektirnar voru birtar á heimasíðu stofunnar.

Á framboðslistum áttu sæti 2846 einstaklingar, 1330 konur og 1516 karlar. Ef litið er til þess hversu margar konur leiða framboðslista kom í ljós skýr kynjamismunur. Af 185 framboðslistum voru 139 þeirra leiddir af körlum. Því voru aðeins 46 listar sem hafa konu í forsvari. Hlutfall kvenna í forsvari framboðslista var þannig einungis 25%. Karlar leiddu 75% allra framboðslista.

Alls voru 185 listar í framboði til sveitarstjórna í kosningunum 29. maí 2010. Í sveitarstjórnarkosningunum hlutu 512 einstaklingar kosningu fulltrúa í sveitarstjórn, þar af 308 karlar og 204 konur. Konur eru því í dag 40% allra kjörinna fulltrúa í íslenskum sveitarstjórnnum og í meirihluta í 16 sveitarstjórnnum af 76. Eftir kosningar árið 2006 voru konur 36% kjörinna fulltrúa. Breytingin milli kosninga 2006 og 2010 nemur því fjórum prósentustigum.

## NORRÆNT SAMSTARF

Ísland er þátttakandi í samstarfi Norðurlanda á sviði jafnréttismála í gegnum Norrænu ráðherranefndina. Félags- og tryggingarmálaráðuneytið, nú velferðarráðuneytið og Jafnréttisstofa koma að þessu samstarfi fyrir hönd Íslands. Samstarfið byggist upp á sameignlegri framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum en í tengslum við framkvæmd hennar starfar embættismannanefndin „Äk-Jäm“ sem hittist reglulega ásamt því að jafnréttisráðherrar landanna hittast árlega á fundi. Framkvæmdastýra Jafnréttisstofu er varamaður í „Äk-Jäm“.

Ný samanburðarrannsókn á fæðingarorlofi og umönnunarstefnu Norðurlandþjóðanna var gefin út í desember 2010. Rannsóknin hófst árið 2009 að frumkvæði Íslands þegar formennskan í Norrænu ráðherranefndinni var í höndum Íslands. Þetta var stærsta verkefni norræna jafnréttissamstarfsins árið 2009 og var fjármagnað af Norrænu ráðherranefndinni. Ritstjórar voru þau Ingólfur V. Gíslason og Guðný Björk Eydal. Útgáfan ber heitið *Föräldraledighet, omsorgspolitik och jämställdhet i Norden* og er aðgengileg á slóðinni: <http://www.norden.org/en/publications/publications/2010-595>.

Þær opinberu stofnanir sem annast jafnréttismál á Norðurlöndunum hafa átt samstarf um árabíl. Á árinu sótti Ingibjörg Elíasdóttir lögfræðingur Jafnréttisstofu fund norræna jafnréttisstofnananna sem haldinn var í Finnlandi en þar var m.a. rætt um reynslu af nýjum lögum gegn mismunun (Svíþjóð), jafnréttisumboð (ombud) sem fást við mismunun á grundvelli fleiri ástæðna en kyns, t.d. uppruna, trúar, kynþáttar, kynhneigðar, aldurs og fötlunar (Svíþjóð og Noregur). Einnig var fjallað um réttindi transfólks (trans-gender) sem nú eru að komast á dagskrá víða um heim.

### NIKK – NORRÆNA RANNSÓKNASTOFNUNIN Í KVENNA- OG KYNJAFRÆÐUM

NIKK er samnorræn rannsóknastofnun í kvenna- og kynjafræðum. Hún er fjármögnuð af Norrænu ráðherranefndinni með aðsetur í Óslóarháskóla. Hlutverk NIKK er að samhæfa norrænar kynjafræðirannsóknir og stefnumótun í jafnréttismálum. Starfsemi NIKK fer fram í samráði við norrænu jafnréttismálaráðherrana (MR-JÄM) og embættismannanefndina á sviði jafnréttismála (ÄK-JÄM). Fulltrúi Íslands í stjórn NIKK er Íris Björk Kristjánsdóttir. Nánari upplýsingar um NIKK má finna á slóðinni: [www.nikk.no](http://www.nikk.no)

## SAMSTARF INNAN EVRÓPU OG Á ALÞJÓÐAVETTvangi

Jafnréttisstofa tekur þátt í samstarfi á evrópskum vettvangi. Stofan á fulltrúa í jafnréttisnefnd Evrópuráðsins (CDEG), ráðgjafanefnd ESB um jafnréttismál og í vinnuhópi EFTA um jafnréttis- og fjölskyldumál. Jafnréttisstýra hefur um árbíl sótt fundi kvennanefndar Sameinuðu þjóðanna (Commission on the Status of Women, CSW). Á þessu ári var þess minnst að 15 ár voru liðin frá kvennaráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Peking og var fundurinn því sérlega vel sóttur og dagskráin umfangsmeiri en oft áður. Árni Páll Árnason jafnréttisráðherra sótti fundinn og flutti ræðu Íslands. Aðalumræðuefnið var að meta árangur undanfarinna 15 ára. Norðurlöndin skipulögðu hliðarviðburði m.a. um árangur Norðurlandanna í jafnréttismálum og kyn og loftslagsbreytingar.